STJÓRNARTÍÐINDI A 1 — 1983

11. febrúar 1983 1 Nr. 1

LÖG

um Olíusjóð fiskiskipa, olíugjald o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Olíusjóður fiskiskipa skal starfræktur í þeim tilgangi að greiða niður verð á gas- og svartolíu til íslenskra fiskiskipa á árinu 1983 samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

2. gr.

Auk almenns útflutningsgjalds samkvæmt lögum nr. 5 frá 13. febrúar 1976, með síðari breytingum, skal innheimta sérstakt 4% útflutningsgjald er rennur í Olíusjóð fiskiskipa.

Útreikningur og innheimta þessa sérstaka útflutningsgjalds skal fara eftir ákvæðum laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum nr. 5 frá 13. febrúar 1976, með síðari breytingum. Kolmunnaafurðir til manneldis skulu undanþegnar innheimtu þessa útflutningsgjalds.

Um aðrar undanþágur frá innheimtu þessa útflutningsgjalds fer eftir ákvæðum laga nr. 5/1976 með síðari breytingum.

Olíusjóði fiskiskipa er heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 100 milljónum króna til að standa straum af niðurgreiðslu olíuverðs meðan tekjur af útflutningsgjaldi hrökkva ekki fyrir útgjöldum sjóðsins. Ríkissjóði er heimilt að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir láni þessu og skal það undanþegið stimpilgjaldi samkvæmt lögum nr. 36/1978 um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980.

3. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki olíugjald, er nemi 7% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur eða afhendir afla sinn öðru skipi. Olíugjald þetta kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

4. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal auk frádráttartölu kjarasamninga og stofnfjársjóðsgjalds samkvæmt lögum nr. 4/1976 draga 1% olíugjald til útgerðar frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) við ákvörðun aflaverðlauna, aukaaflaverðlauna og hlutar samkvæmt kjarasamningum.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 36/1978 um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980 er heimilt að fella niður og endurgreiða stimpilgjald af skuldbreytingalánum útgerðar allt að 500 milljónum króna, sem veitt hafa verið á tímabilinu frá 1. nóvember 1982 til 28. febrúar 1983.

6. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til landaðs afla á árinu 1983, nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um annað, svo og sjávarafurða framleiddra á árinu 1983.

Ákvæði til bráðabirgða.

Alþingi kýs fjóra menn í nefnd til að endurskoða lögin um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Sjávarútvegsráðherra skipar samkvæmt tilnefningu þrjá fulltrúa sjómanna, útgerðar og fiskvinnslu, einn frá hverjum. Nefndin skal hafa samráð við þá hagsmunaaðila, sem hlut eiga að máli, og eiga aðgang að öllum upplýsingum sem Þjóðhagsstofnun, Fiskifélag Íslands, Aflatryggingasjóður og Kjararannsóknarnefnd geta veitt.

Þessir aðilar skulu einnig veita þá aðstoð sem nefndin biður um vegna starfa sinna.

Nefndin skal eiga aðgang að athugun þeirri, sem fram mun fara á vegum sjávarútvegsráðuneytisins á leiðum til að bæta rekstrargrundvöll sjávarútvegsins.

Einnig verði kannað hvort og á hvern hátt olíujöfnunarsjóður geti orðið að liði í þessu sambandi, svo og hvort hljómgrunnur sé fyrir breyttu og bættu launafyrirkomulagi fiskimanna.

Nefndin skili áliti sínu og tillögum í upphafi næsta reglulegs þings.

Sjávaútvegsráðherra skipar formann nefndarinnar.

Allur kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Gjört í Reykjavík, 11. febrúar 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.